




Ráðhús Reykjavíkur
skrifstofa borgarstjórnar



Efni: Tillaga um hinsegin fræðslu í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var þann 28. febrúar 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Ýrar Indriðadóttur frá ungmennaráði Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur auki og bæti hinsegin fræðslu í grunnskólum enn seinna en á skólaárinu 2017 – 2018.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Svar:

Reykjavíkurborg gerði árið 2015 samning til þriggja ára við *Samtökin 78* um hinsegin fræðslu í grunnskólum borgarinnar. Í samningnum felst bæði fræðsla og ráðgjöf til skóla, starfsfólks, foreldra og nemenda þeim að kostnaðarlausu. Markmiðið með samningnum var að gera kennara og aðrar fagstéttir sjálfbjarga í fræðslu um málefni hinsegin fólks. Tveir ráðgjafar á vegum *Samtakanna 78* hafa sinnt stuðningsviðtölum við hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendur þess og starfrækt stuðningshópa fyrir hinsegin ungmenni.

Misjafnt er hvernig grunnskólar borgarinnar hafa nýtt sér þá fræðslu sem í boði hefur verið. Sumir skólar hafa óskað eftir fræðslu á hverju ári fyrir einstaka árganga eða nemendahópa. Sömu skólar hafa líka verið duglegir að fá fræðslu fyrir sitt starfsfólk. Aðrir hafa bara óskað eftir fræðslu fyrir nemendur en samtals tólf skólar hafa ekki óskað eftir fræðslu, hvorki fyrir starfsfólk né nemendur á tímabilinu. Allir nema einn af þessum skólum eru skólar sem ekki hafa unglingadeild, eru aðeins með nemendur frá 1. – 7. bekk. Hingað til hefur það verið venja að fá fræðsluna aðallega inn í unglingadeildir en mælt verður með því að þeir skólar sem eru aðeins með yngri nemendur prófi að bjóða upp á fræðsluna fyrir nemendur í 7. bekk. Reynslan sýnir að þeir skólar sem hafa fengið fræðslu óska gjarnan eftir fræðslunni aftur.

Allar frístundamiðstöðvar borgarinnar hafa þegið fræðslu á samningstímabilinu fyrir unglinga í félagsmiðstöðvum, forstöðumenn frístundaheimila og tvær miðstöðvar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva.

Jafnréttisskóli Reykjavíkur og mannréttindaskrifstofa hafa verið í samstarfi um að kynna gátlista sem mannréttindaskrifstofan hefur útbúið um transvæna skóla. Gátlistarnir eru tveir og hafa þeir verið prufukeyrðir nýlega í tveimur grunnskólum og einum leikskóla. Í gátlistanum kemur m.a. fram hvernig skólinn bregst við trans nemanda og hvernig skólaumhverfið getur orðið transvænt.

Í flestum tilvikum bregðast skólar vel við þegar transbarn kemur í skólann eða nemendur og/eða foreldrar opna sig um kynhneigð eða kynvitund sína. Skólar með transbörn hafa gjarnan sóst eftir fræðslu frá *Samtökunum 78*. Reynslan sýnir að starfsfólk er gjarnan öruggt varðandi hinsegin

málefni og óskar eftir leiðbeiningum og stuðningi við að nýta það efni sem til er.

Hinsegin félagsmiðstöð hefur verið rekin af *Samtökunum 78* með styrk frá Reykjavíkurborg. Frístundamiðstöðin Tjörnin hefur lánað starfsfólk til að vinna í félagsmiðstöðinni ásamt sjálfboðaliðum frá *Samtökunum 78*. Éinnig hefur starfsfólk úr öðrum félagsmiðstöðvum borgarinnar starfað tímabundið í félagsmiðstöðinni og má líta á það sem hluta af starfsþróun þeirra. Starfsfólkið hefur með þessum hætti flutt þekkingu frá þessari sérhæfðu félagsmiðstöð yfir í hverfis félagsmiðstöðina sem það annars starfar í og hjálpar það til við að gera smám saman allar félagsmiðstöðvar borgarinnar hinseginvænar.

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að gera alla grunnskóla borgarinnar hinseginvæna og að upplýsa nemendur og starfsfólk um nauðsyn þess að viðurkenna að við erum ekki öll eins í skóla margbreytileikans.

Skóla- og frístundasvið getur einnig tekið undir að mikilvægt sé að hinsegin fræðsla hefjist fyrr á skólagöngunni en með kynfræðslunni á unglingastigi og mun leggja til að ef og þegar samningurinn við *Samtökin 78* verður endurnýjaður verði einnig boðið upp á hinsegin fræðslu fyrir nemendur í 7. bekk eins og áður kom fram.

Sviðsstjóri mun senda boð um ýmskonar forvarnarfræðslu til grunnskólanna í vor þar sem m.a. verður kveðið á um að öllum skólunum beri að þiggja boð um fræðslu frá *Samtökunum 78* eða að þeir sýni fram á að innan skólans sé veitt önnur sambærileg fræðsla. Verkefnastýra Jafnréttisskólans á reglulega fundi með námsráðgjöfum grunnskólanna. Í byrjun nýs árs verður áhersla fundar á kynferðislega áreitni en á vorfundi verður áhersla á hinsegin málefni og er stefnt að því að bjóða fulltrúum frá *Samtökunum 78* með á þann fund.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs